



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### Fundargerð.

323. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 24. apríl 2013 kl. 9.30 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, vék af fundi að loknum lið nr. 8. Björn Kristinn Pálmarsson kom inn í hans stað.

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Guðmundur Ármann Pétursson

Ágúst Gunnarsson í fjarveru Ingvars Grétars Ingvarssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

#### 1. Golfvöllurinn að Minni-Borg.

*Fyrir liggur kauptilboð frá Engilbert Runólfssyni f.h. óstofnaðs hlutafélags í golfvöllinn að Minni-Borg. Sveitarstjórn hafnar kauptilboðinu.*

#### 2. Annáll ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu.

*Fyrir liggur annáll ársins 2012 frá ferðamálafulltrúa Uppsveita Árnassýslu, Ásborgu Arnþórsdóttur um störf sín á árinu 2012. Annállinn lagður fram til kynningar.*

#### 3. Skipan fulltrúa í samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Fyrir liggur að traust milli formanns samgöngunefndar og meirihluta sveitarstjórnar er brostið og hefur meirihluti sveitarstjórnar ákveðið að skipta um formann. Í stað Hannesar G. Ingólfssonar tilnefnir sveitarstjórn Birgir Leó Ólafsson í hans stað sem formann samgöngunefndar út kjörtímabilið 2010-2014.*

#### 4. Niðurfærsla á viðskiptakröfum Grímsnes- og Grafningshrepps.

*Á fundi sveitarstjórnar þann 3. apríl s.l. var sveitarstjóra falið að taka saman endanlega kröfufjárhæð sem fella þarf úr bókhaldi sveitarfélagsins. Kröfur að fjárhæð kr. 3.462.976 er ljóst að ekki fáist greiddar sökum aldurs, gjaldþrota eða annarra ástæðna. Sveitarstjórn samþykkir að umræddar kröfur verði felldar niður og teknar út úr bókhaldi sveitarfélagsins vegna ársins 2012.*

#### 5. Fjarskipti í dreifbýli.

*Oddviti kynnti ýmsa kosti sem eru í boði fyrir fjarskipti í dreifbýli. Sveitarstjórn samþykkir að skoðaðar verði lausnir í fjarskiptamálum í samstarfi við nágrannasveitarfélögin.*

#### 6. Þriggja fasa rafmagn.

*Sveitarstjórn skorar á RARIK að þriggja fasa væða þá bæi í sveitarfélaginu sem ekki hafa þá þjónustu nú þegar.*



**SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS**

**7. Kaup Grímsnes- og Grafningshrepps á eignum í Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf.**

*Sveitarstjórn samþykkir að óska eftir láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga til endurfjármögnunar á þeim eignum sem sveitarfélagið er með á leigu hjá Eignarhaldsfélaginu Fasteign ehf. Sveitarstjóra falið að vinna að málinu.*

**8. Bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti vegna styrkumsóknar í Framkvæmdarsjóð ferðamannastaða.**

*Fyrir liggur bréf frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti, dagsett 18. apríl 2013 þar sem sveitarfélaginu er tilkynnt um að það hafi ekki hlotið styrk frá Framkvæmdarsjóði ferðamannastaða úr seinni úthlutun á árinu 2013. Bréfið lagt fram til kynningar.*

**9. Beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Illagili 21, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

*Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Selfossi um umsögn vegna leyfis til reksturs gististaðar í flokki II (sumarhús) í Illagili 21, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt en óskar jafnframt eftir afriti af rekstarleyfi þegar það er gefið út.*

**10. Beiðni um styrk vegna Skólahreysti 2013.**

*Fyrir liggur beiðni um styrk að fjárhæð kr. 50.000 vegna skólahreysti 2013. Sveitarstjórn samþykkir að veita þennan styrk.*

**11. Bréf frá Lögfræðiþjónustu Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. f.h. Blikalóns ehf. vegna lóða nr. 36 og 38 í Ásborgum.**

*Fyrir liggur bréf frá Lögfræðiþjónustu Sigurðar Sigurjónssonar hrl. ehf. f.h. Blikalóns ehf., dagsett 9. apríl 2013 þar sem sveitarfélaginu er tilkynnt um riftun kaupsamninga á lóðum nr. 36 og 38 í Ásborgum. Sveitarstjórn vísar erindinu til lögmanns sveitarfélagsins, Óskars Sigurðssonar hrl.*

**12. Bréf frá Skipulagsstofnun vegna skipulagsskilmála varðandi grunnskóla í deiliskipulagi.**

*Fyrir liggur bréf frá Skipulagsstofnun, dagsett 8. apríl 2013 þar sem bent er á að ef sveitarstjórn ákveði að grunnskólar sveitarfélagsins skuli aðeins þjónusta ákveðna árganga grunnskólabarna, skuli það koma fram í skilmálum með deiliskipulagi. Bréfið lagt fram til kynningar.*

**13. Bréf frá Samkeppniseftirlitinu vegna erindi Gámaþjónustunnar hf. til Samkeppniseftirlitsins.**

*Fyrir liggur bréf frá Samkeppniseftirlitinu, dagsett 3. apríl 2013 vegna erindis frá Gámaþjónustunni hf. þar sem kvartað er yfir framkvæmd sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, í Rangárvallasýslu og Árborg við innleiðingu á bláum endurvinnslutunnum í samstarfi við SORPU bs. og eftir atvikum Sorpstöð Suðurlands. Einnig liggur fyrir svarbréf Óskars Sigurðssonar hrl. f.h. Sorpstöðvar Suðurlands. Bréfið lagt fram til kynningar.*



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

**14. Velferðarþjónusta Árneshings.**

Fyrir liggur staða helstu málaflokka Velferðarþjónustu Árneshings, janúar – apríl 2013 og yfirlit yfir fjárhagaðstoð og heimaþjónustu árið 2012. Mánudaginn 13. maí n.k. kl. 13:00 í Aratungu verður haldinn fundur fyrir sveitarstjórnarmenn um málefni Velferðarþjónustu Árneshings.

**15. Fundargerðir.****a) Fundargerð 6. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 12. apríl 2013.**

Fundargerðin lögð fram og staðfest.

**b) Fundargerð 25. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 16. mars 2013.**

Fundargerðin lögð fram. Í dagskrárlið 2, skóladagatal 2013/2014, er lagt til að skóladagar næsta skólaárs verði 177. Einnig í dagskrárlið 2 leggur fræðslunefnd til að sveitarstjórn hafi leikskóladeild Kerhólsskóla lokaða mánudaginn 23. desember, föstudaginn 27. desember og mánudaginn 30. desember á næsta skólaári. Sveitarstjórn samþykkir að skóladagar næsta skólaárs verði 177 og að leikskóladeildin verði lokað þessa áður nefnda daga.

Í dagskrárlið 3, kennslukvóti og starfsmannaskipulag, leggur skólastjóri Kerhólsskóla til að kennslukvóti næsta skólaárs verði 160,1 stund og stöðugildin 5,9. Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu.

Í dagskrárlið 4, skólastefna Grímsnes- og Grafningshrepps, óskar fræðslunefnd eftir að bætt verði við í skólastefnu sveitarfélagsins að grunnskóladeild Kerhólsskóla skuli vera lokað fyrir 1. júní ár hvert. Sveitarstjórn samþykkir þessa viðbót. Fundargerðin staðfest.

**c) Fundargerð 2. fundar fagráðs Brunavarna Árneshings, 5. apríl 2013.**

Fundargerðin lögð fram.

**16. Lagfæring á fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. desember 2012.**

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 15. desember 2012 var samþykktur viðauki við samþykktu fjárhagsáætlun 2012. Í fundargerðinni misrituðust tölur viðaukans og eiga þær að vera eins og hér sýnir;

Deild	Textalýsing	Samþykkt áætlun	Ný áætlun	Fjárauiki áætlunar
0010	Jöfnunarsjóður	-16.531.000	-33.062.000	-16.531.000
0200	Félagsþjónusta	20.518.000	30.518.000	10.000.000
0800	Hreinlætismál	-222.000	3.278.000	3.500.000
3321	Áhaldahús	806.000	3.806.000	3.000.000

Samtals viðauki 2012: -31

Leiðréttist þessi misritun hér með.



## SVEITARSTJÓRN GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPS

### 17. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. apríl 2013.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 3. apríl 2013 liggur frammi á fundinum.*

### 18. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. apríl 2013.

*Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 15. apríl 2013 liggur frammi á fundinum.*

### 19. Næstu fundir sveitarstjórnar.

*Sveitarstjórn samþykkir að næstu fundir sveitarstjórnar verði mánudaginn 6. maí kl. 14:00 og miðvikudaginn 22. Maí kl. 9:00. Framvegis verða fundir sveitarstjórnar kl. 9:00 í stað 9:30.*

### Til kynningar

- ✓ Sorpstöð Suðurlands. Fundargerð 225. stjórnarfundar 26.03 2013.
- ✓ Heilbrigðisnefnd Suðurlands. Fundargerð 149. stjórnarfundar 05.04 2013.
- ✓ Markaðsstofa Suðurlands, framvinduskýrsla janúar til mars 2013.
- ✓ Bréf frá UMFÍ, dagsett 2. apríl 2013 um ályktun ungmenna frá ráðstefnunni „Ungt fólk og lýðræði“.
- ✓ Límtré Vírnet ehf., ársreikningur 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Héraðssambandið Skarphéðinn, ársskýrsla 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Rarik, ársskýrsla 2012.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ Landsnet, fimm ára kerfisáætlun 2013-2017.  
-liggur frammi á fundinum-.
- ✓ ION Hótel á Nesjavöllum, kynningarbæklingur.  
-liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:15